

Föstudaginn 30. september 1949.

Nr. 109/1949. **Valdstjórnin** (Einar Ásmundsson)

gegn

Georg Emil Nielsen (Ólafur Þorgrímsson).

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Áfengis- og bifreiðalagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Málsatvikum er rétt lýst í héraðsdómi að öðru en því, að einstefnuakstur er eigi um Smiðjustíg frá Lindargötu að Hverfisgötu. Hefur kærði því eigi gerzt brotlegur við 30. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Að öðru leyti er brot kærða fært til réttra refsíákvæða. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Kærði, Georg Emil Nielsen, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Einar Ásmundssonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 30. júní 1949.

Ár 1949, fimmtudaginn 30. júní, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Guðm. Ingva Sigurðssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2530/1949: Valdstjórnin gegn Georg Emil Nielsen.

Mál þetta, er dómtekið var samdægurs, var höfðað gegn Georg Emil Nielsen endurskoðanda, til heimilis í Hafnarhvoli við Tryggvagötu hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum, nr. 33 9. janúar 1935, bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941, og lögreglusamþykkt Reykjavíkur, nr. 2 7. janúar 1930. Kærður er fæddur 4. maí 1902 í Nakskov í Danmörku. Ár 1949,

24. marz, fékk kærður áminningu fyrir ólæsilegt skrásetningamerki. Um aðrar kærur eða refsingar er eigi kunnugt.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Miðvikudaginn 13. apríl 1949 kl. 14.40 var Björn Jónsson lögregluþjónn staddur í Hafnarstræti. Veitti hann þá athygli bifreiðinni R. 3382, er ekið var skrykkjótt austur strætið, og bifreiðarstjórinn, þ. e. kærður, hékk fram á stýrið. Lögregluþjónninn gaf kærðum stöðvunarmerki, en kærður mun ekki hafa séð það. Lögregluþjónninn náði sér í bifreiðina G. 351 og fékk bifreiðarstjóra hennar til að aka á eftir bifreið kærðs. Rétt vestan við gatnamót Ingólfsstrætis og Hverfisgötu ók G. 351 fram fyrir kærðan, og var kærðum gefið greinilega til kynna, að hann ætti að nema staðar, en kærður ók þá niður Ingólfsstræti og inn Lindargötu, en G. 351 var ekið áfram inn Hverfisgötu og niður Smiðjustig og stöðvuð um þvera Lindargötu. Lögregluþjónninn stökk út og gaf kærðum, er kom akandi vestan Lindargötu, merki um að staðnæmast, en kærður komst enn undan með því að aka upp Smiðjustig. Lögregluþjónninn hljóp á eftir bifreið kærðs og fékk stöðvað kærðan upp við Hverfisgötu.

Farið var með kærðan á lögreglustöðina til yfirheyrslu. Kærðum var tekið blóð, er í fundust „reducerandi“ efni, er samsvara 1.51% af alkóhóli. Kærður hefur þverneitað því, að hann hafi fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Hann kveðst hafa drukkið vín daginn áður og fram á nótt, án þess þó, að hann kæmist undir áhrif áfengis. Daginn, sem hann var handtekinn, hafi hann eigi bragðað vín. Kærður kveðst hafa ekið niður Ingólfsstræti til að forða árekstri við G. 351. Síðan hafi hann ekið inn Lindargötu og upp Smiðjustig í því skyni að komast aftur upp á Hverfisgötu, en þar á gatnamótunum stöðvaði lögreglan hann.

Vitnið Ástriður Ingimundardóttir matreiðslukona, Njálsgötu 112, en þar borðar kærður, hefur borið, að er það bar kærðum mat á hádegi umræddan dag, hafi það séð vín á kærðum, er m. a. lýsti sér í því, að kærður var óstöðugur á fótum; auk þess fann vitnið vínþef af vitum kærðs.

Vitnið Björn Jónsson lögregluþjónn, er handtók kærðan, hefur borið, að kærður hafi greinilega verið undir áhrifum áfengis. Til marks um það hafi verið vínþefur, slappir andlitsdrættir, starandi augnaráð og skrykkjóttur akstur kærðs.

Vitnið Jakob Björnsson varavarðstjóri yfirheyrði kærðan á lögreglustöðinni. Hefur vitnið borið, að kærður hafi greinilega verið ölvaður. Lýsti það sér m. a. í því, að kærður talaði drafandi röddu og var óstöðugur á fótum.

Hafa báðir lögreglumennirnir staðfest framburð sinn með eiði.

Með eiðfestum framburði hinna tveggja lögregluþjóna, sem eru í samræmi við framburð vitnisins Ástriðar Ingimundardóttur og niðurstöðu blóðrannsóknar, er fengin sönnun þess þrátt fyrir neitun kærðs, að kærður hafi ekið umrætt skipti undir áhrifum áfengis. Varðar þetta

brot kærðs við 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga, nr. 33 frá 1935, og 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23 frá 1941.

Með því að óhlýðnast stöðvunarmerki lögregluþjónsins hefur kærður gerzt brotlegur við 28. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, nr. 2 frá 1930.

Með því að aka Smiðjustíg til suðurs hefur kærður brotið gegn einstefnuakstri þeim, er á Smiðjustíg gildir frá suðri til norðurs. Varðar slík háttsemi við 30. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, sbr. auglýsingu lögreglustjóra frá 9. júlí 1948.

Refsing kærðs þykir hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga. Þá ber samkvæmt 21. gr. áfengislaga og 39. gr. bifreiðalaga að svipta kærðan ökuleyfi í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærðan ber loks að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málið hefur verið rekið vítalaut.

Dómsorð:

Kærður, Georg Emil Nielsen, sæti varðhaldi í 10 daga. Kærður er sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. september 1949.

Nr. 117/1949. **Valdstjórinn** (Kristján Guðlaugsson)

gegn

Árna Ásgrími Blöndal (Ragnar Jónsson).

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson

í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Áfengis- og bifreiðalagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að refsing kærða ákveðst 10 daga varðhald.

Eftir þessum úrslitum ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 300.00 til hvors.

Það athugast, að héraðsdómari hefði átt að taka skýrslu fyrir dómi af lögregluþjóni þeim, er kærði brot kærða, svo og farþegum þeim, sem voru í bíl kærða. Einnig hefði dómariinn